



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -9. maí 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Ársreikningur 2016

Þessa daganna er verið að vinna að gerð ársreiknings í samstarfi við KPMG og er stefnt að því að leggja hann fram á fundi sveitarstjórnar eftir hálfan mánuð.

Ljósleiðari

Stefnt er að því að auglýsa útboð á ljósleiðara í eigu Blönduósbæjar á næstunni en lokagreiðsla frá Fjarskiptasjóði hefur borist.

Rannís - styrkur til Þekkingarsetursins

Rannís hefur úthlutað úr Tækniþróunarsjóði Rannís, Þekkingarsetrinu á Blönduósi í samstarfi við Textílsetur Íslands, 40 m.kr framlagi til þriggja ára til rannsókna á íslenskum vefnaðarmynstrum og yfirfæra þau yfir í tölvuvestólinn sem Þekkingarsetrið hefur fest kaup á. Verkefnið sem ber heitið „**Bridging Textiles to the digital future**“ er ætlað er að rannsaka, skrásetja og varðveita gömul vefnaðarmynstur til að setja yfir á digital/stafrænt svo hægt sé að nýta við tölvuvestólinn. Verkefnið hlaut hæstu einkunn A1 sem er afar sjaldgæft eða einungis 5% umsókna hljóta slíka einkunn frá Rannís. Verkefnið er til þriggja ára og mun Ragnheiður Björk Þórsdóttir verða ráðin til Þekkingarsetursins til að leiða verkefnið. Afurð verkefnsins er að íslensk vefnaðarmynstur verði varðveitt á starfrænu formi sem veitir listafólki, hönnuðum og vefurum aðgang að mynstrum.

Af verkefninu loknu er stefnt að sækja um framhaldsstyrk til markaðssetningar á mynstrum og stafræna vefstólnum.



Styrkurinn er okkur mikil viðurkennig fyrir því góða starfi sem fram fer innan veggja Kvennaskólans og sýnir okkur svo ekki verður um villst að sú starfsemi við erum að koma á framfæri á landsvísu hefur náð augu og eyrum landsmanna.

Íþróttamiðstöðin

Viðgerð á vaðlaug er lokið og lítur hún vel út. Sunnudagsopnun sundlaugar hefur gengið vel það sem af er. Þann 16. apríl (páskasunnudagur) komu 166 gestir, þann 23. apríl 129 gestir, 30. apríl 43 gestir og 7. maí komu komu 136 gestir. Sunnudagsopnun hefur því gengið vel. Það eru 341 færri gestir í sundlaugina það sem af er ári. Þar munar mestu um mars mánuð þar sem Heilsudagar voru í fyrra en ekki í ár. Apríl er betri í ár en í fyrra eða 307 fleiri í apríl. Innkoma það sem af er árinu er tæpar 5 m.kr. á móti 4. mkr. á sama tíma árið á undan.

Auglýst staða ferðamálafulltrúa

Ferðamálafélag Austur-Húnavatnssýslu auglýsti á dögnum eftir stöðu ferðamálafulltrúa lausa til umsóknar. Í starfinu felst umsjón og rekstur upplýsingamiðstöðvar í A-Hún. Vinna við stefnumótun og markaðssetningu ferðamála á svæðinu í samráði við Ferðamálafélag Austur-Húnavatnssýslu og aðra samstarfsaðila. Vinna að ferðamálatengdum verkefnum, auk annarra fjölbreytilegra verkefna. Upplýsingamiðstöðin verður til húsa í bókasafninu í sumar. Utan opnunartíma upplýsingamiðstöðvarinnar er starfsaðstaðan m.a. í húsnæði Þekkingarsetursins á Blönduósi. Umsóknarfrestur rennur út á morgun.

Skúlabraut 33

Lokið er við að selja Skúlabraut 33.

Framkvæmdir

- Götur á Blönduósi verða sópaðar í næstu viku.
- Götur á Blönduósi verða málaðar á næstu vikum
- Vinna er hafin við að leggja drög að skipulagi leiksvæðis skólalóðarinnar.